

Blásið til sóknar - „Jarðhiti jafnar leikinn“

- **Staða heimila og fyrirtækja um allt land jöfnuð með lækkun húshitunarkostnaðar**
- **Stutt við byggðapróun og verðmætasköpun**
- **Dregið úr olíunotkun til hitunar og losun gróðurhúsalofttegunda**

Jóhann Páll Jóhannsson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, kynnti í dag átakið *Jarðhiti jafnar leikinn*. Um er að ræða stærsta jarðhitaátak sem farið hefur verið í hér á landi á þessari öld. Alls verður einum milljarði króna varið í átak til leitar og nýtingar jarðhita árunum 2025-2028.

Áhersla verður lögð á stuðning við nýtingu jarðhita til almennrar húshitunar á svæðum þar sem nú er notuð raforka og/eða olía til húshitunar. Verður við styrkveitingar m.a. horft til þess að nokkur þekking sé þegar til staðar á jarðhita viðkomandi svæðis og að vísbendingar séu um að finna megi heitt vatn sem hægt sé að nýta beint inn á hitaveitu, eða volgt vatn í nægilegu magni svo nýta megi á miðlæga varmadælu á svæðum.

Í máli ráðherra kom fram að Ísland sé í einstakri stöðu þegar komi að nýtingu jarðhita. Yfir 90% heimila hafi aðgang að hitaveitu sem nýtir jarðhita til húshitunar, eftir standi hins vegar tæplega 10% heimila landsins sem nota þurfi aðrar leiðir til húshitunar.

„Það er rándýrt, óhagkvæmt og ósanngjarn og við þurfum að ná þessu hlutfalli hratt niður á næstu árum. Með árangri í leit og nýtingu jarðhita munum við lækka húshitunarkostnað heimila þar sem hann er mestur, en ekki síður létta kostnaði af fyrirtækjunum, af sveitarfélögum og grunnþjónustu, skólum og hjúkrunarheimilum, á köldum og krefjandi svæðum. Þetta er grundvallaratriði fyrir verðmætasköpun og byggðapróun í landinu,“ sagði Jóhann Páll Jóhannsson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.

Mikilvægt sé að jafna leikinn með jarðhita. Það sé stefna núverandi stjórnar og að stigin verði stærri skref í þessum efnunum en áður hafa verið stigin á þessari öld.

Rafhitun á Íslandi nemur á bilinu 600–650 GWst og af því eru um 320 GWst niðurgreiddar. Um 300 GWst eru óniðurgreiddar, mest hjá fyrirtækjum og stofnunum. Á þessu ári verður rúmlega 2,5 milljörðum króna varið í niðurgreiðslur húshitunar á rafhituðum svæðum.

Ráðherra fór yfir mögulega sviðsmynd um áhrif átaksins á ríkissjóð:

„Takist að losa um 20% af þeirri raforku sem nú er nýtt til rafhitunar heimila, stofnana og fyrirtækja, þ.e. um 120 GWst af raforku á ári, er losað um framboð á þessari orku án efnahagslegs og umhverfislegs kostnaðar sem fylgir nýrri virkjun.

Ef við hugsum þetta í samhengi við orkuskiptin, þá samsvara 120 GWst raforkunotkun um 50 þúsund rafbíla, og ef þeir koma í staðinn fyrir bensínbíla þá minnkar losun í samgöngum um meira en 100 þúsund tonn af CO₂ á ári. Ef helmingurinn af þessum 120 GWst væri niðurgreidd rafhitun sem færðist yfir í jarðvarma myndi niðurgreiðsluþörf ríkisins lækka um 540 milljónir króna á ári og skatttekjur ríkisins af raforkunni aukast um 300 milljónir þar sem hún færir í hærra virðisaukaskattþrep. Á tíu ára tímabili erum við þá að tala um meira en 8 milljarða ávinning fyrir ríkissjóð. Svo þetta er skynsamleg fjárfesting og þjóðhagslega hagkvæmt verkefni.”

Jóhann Páll sagði að ríkisstjórn Kristrúnar Frostadóttur legði áherslu á byggðajöfnuð, að jafna aðstöðumun fólks og fyrirtækja og treysta stoðir hinna dreifðu byggða.

„Við ætlum að auka framboð af orku. Við leggjum áherslu á orkuöryggi og orkunýtni, og við erum staðráðin í að ná árangri í orkuskiptum og loftslagsmálum. Átakið *Jarðhiti jafnar leikinn* þjónar öllum þessum markmiðum,“ sagði ráðherra í ávarpi sínu.

Styrkir verða veittir til sveitarfélaga, orkufyrirtækja eða aðila sem vinna í þeirra umboði og getur styrkupp hæð fyrir hvert verkefni numið allt að tveimur þriðju af heildarkostnaði þess gegn mótframlagi umsækjanda. Verkefni geta snúið að því að hefja nýtingu þar sem það á við eða að frekari rannsóknnum með vísan í fyrri niðurstöður.

Loftslags- og orkusjóður hefur umsjón með framkvæmd átaksins sem auglýst verður á næstu dögum.